



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir móttökustöð fyrir úrgang, bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði (Vaka) að Héðinsgötu 2.

Nafn leyfishafa: Vaka hf., björgunarfélag

Heimilisfang: Héðinsgötu 1-3 Póstnúmer: 105

Kennitala: 670269-5589

Útgáfudagur leyfis: 2. febrúar 2021

Gildir: 2. feb. til 31. des. 2021

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir almenn bifreiðaverkstæði, hjólbarðaverkstæði, fyrir ökutæki sem áformáð er að farga og fyrir bílapartasölur. Pressu fyrir bíla er einungis heimilt að nota frá kl. 10:00-16:00 á virkum dögum. Geymsla á bílum til förgunar, hreinsun, pressun og hleðsla á pressuðum bílum til flutnings skal fara fram innandyra. Gámar á lóðarmörkum skulu víkja strax og girðing er tilbúin og ekki síðar en 1. maí n.k. Skipulagsfulltrúi gerir ekki skipulagslegar athugasemdir við starfsemina sbr. umsögn dags. 30. nóvember 2020. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa dags. 2. febrúar 2021 liggur fyrir með skilyrðum um að byggingarleyfissumsókn BN057065 verði samþykkt eigi síðar en 1. mars 2021 og að lokaúttekt verði lokið eigi síðar en 1. júní 2021.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækji um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 2. febrúar 2021





Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Vöku hf.

kt. 670269-5589

Héðinsgötu 1-3, 105 R.

vegna móttöku á bifreiðum til förgunar, bílapartasölu, bifreiða og vélaverkstæðis og hjólbarðaverkstæðis í starfstöð fyrirtækisins að Héðinsgötu 2, 105 R.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók þann 29.10.2020 umsókn Vöku hf. Skútuvogi 8, kt. 670269-5589, um tímabundið starfsleyfi fyrir móttöku á bifreiðum til förgunar, bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðinsgötu 2.

Um er að ræða umsókn um starfsleyfi vegna flutnings í nýtt húsnæði og var móttaka umsóknar auglýst á heimasvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 25.11.2020. Í framhaldi var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit þar sem lagt var til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bílapartasölar, samræmd starfsleyfiskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði, samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir hjólbarðaverkstæði, samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir ökutæki sem áförmáð er að farga og samræmd starfsleyfiskilyrði fyrir bílapartasölur. Að auki var lagt til að um starfsemina gildi að einungis megi nota bílapressu á milli kl. 10 og 16 á virkum dögum og að meðhöndlun bíla eftir pressun og hleðsla í góða/gámafleti til flutnings fari fram innandyra.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Leitað var eftir umsögnum skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa með tölvupóstum dags. 18.11.2020. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30.11.2020 barst HER. Í umsögninni eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við umsóknina. Umsögn byggingafulltrúa barst í tölvupósti 1.2.2021. Í umsögninni eru lögð til þau skilyrði að byggingarleyfissumsókn BN057065 verði samþykkt eigi síðar en 1. mars 2021 og að lokaúttekt verði lokið eigi síðar en 1. júní 2021.

Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvor megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar/umhverfis- og heilbrigðisráðs að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir starfsemi Vöku hf. vegna móttöku á bifreiðum til förgunar, bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðinsgötu 2 á heimasiðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.. Auglýsingin var birt þann 10.12.2020 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 6.1.2020.



3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Alls bárust 13 athugasemdir á auglýsingatíma. Allar athugasemdirnar komu frá íbúum eða formönnum húsfélaga við Kleppsveg. Hér á eftir er farið yfir athugasemdir og viðbrögð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) við þeim. Að höfðu samráði við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf hvað varðar persónuverndarsjónarmið eru ahugasemdirnar birtar með nafni þess sem sendi inn en önnur persónugreinanleg gögn hafa verið fjarlægð vegna persónuverndarsjónarmiða.

Ég finn mig knúinn til þess að vekja athygli á afstöðu minni til starfsemi Vöku sem hófst nýverið að Héðinsgötu 2. Hávaðinn sem fylgir athöfnum fyrirtækisins á svæðinu er í besta falli afar hvimleidur. Einnig hef ég miklar efasemdir um hentugleika staðsetningar þessa iðnaðar með hliðsjón af því hve ápreifanlega nærri hann liggar íbúabyggð og það í hverfi þar sem mikil er um barnafjölskyldur. Aukinheldur er Laugarnesfjara og nærliggjandi svæði nýtt til útvistar af mörgum hverfisbíum og er staðsetningin, frá þeim bæjardyrum séð, afar bagaleg.

*Með góðri kveðjur og von um að athugasemdir þessar verði teknar til greina,
Eyþór Logi Þorsteinsson*

Svar HER. Skipulag ákværðar landnotkun. HER tekur ekki afstöðu til þess hvort tiltekin starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð, þ.e. ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

HER setur fyrirtækinu skilyrði út frá þeiri starfsemi sem það er með og setja skilyrðin fyrirtækinu ramma um starfsemina. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER. HER bárust þónokkrar kvartanir um hávaða snemma árs 2020 en eftir að úrbætur voru gerðar á útblæstri frá bílapressu hefur lítið verið minnst á hávaða í kvörtunum. Sérstakar takmarkanir á notkun bílapressunar eru settar í starfsleyfi m.a. til að draga úr mögulegu ónæði vegna hávaða. Samkvæmt starfsleyfi er óheimilt er að vera með mögulega mengandi bíla eða bílflök á útisvæði og á það koma í veg fyrir að mengun berist í ofanvatnsfrárennsli og niður í fjöru. Ekki er metið hvort starfsemin valdi neikvæðum sjónrænum áhrifum eða verulegu ónæði á útvistarsvæðum í nágrenninu.

Ég finn mig knúna til þess að vekja athygli á afstöðu minni til starfsemi Vöku sem hófst nýverið að Héðinsgötu 2. Hávaðinn sem fylgir athöfnum fyrirtækisins á svæðinu er í besta falli afar hvimleidur. Einnig hef ég miklar efasemdir um hentugleika staðsetningar þessa iðnaðar með hliðsjón af því hve ápreifanlega nærri hann liggar íbúabyggð og það í hverfi þar sem mikil er um barnafjölskyldur.

Aukinheldur er Laugarnesfjara og nærliggjandi svæði nýtt til útvistar af mörgum hverfisbíum og er staðsetningin, frá þeim bæjardyrum séð, afar bagaleg.

*Með góðri kveðjur og von um að athugasemdir þessar verði teknar til greina,
Kolfinna Líf Pálsdóttir*

Svar HER. Skipulag ákværðar landnotkun. HER tekur ekki afstöðu til þess hvort tiltekin starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð, þ.e. ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

HER setur fyrirtækinu skilyrði út frá þeiri starfsemi sem það er með og setja skilyrðin fyrirtækinu ramma um starfsemina. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER. HER bárust þónokkrar kvartanir um hávaða snemma árs 2020 en eftir að úrbætur voru gerðar á útblæstri frá bílapressu hefur lítið verið minnst á hávaða í kvörtunum. Sérstakar takmarkanir á notkun bílapressunar eru settar í starfsleyfi m.a. til að draga úr mögulegu ónæði vegna hávaða. Samkvæmt starfsleyfi er óheimilt er að vera með mögulega mengandi bíla eða bílflök á útisvæði og á það koma í veg fyrir að mengun berist í ofanvatnsfrárennsli og niður í fjöru. Ekki er metið hvort starfsemin valdi neikvæðum sjónrænum áhrifum eða verulegu ónæði á útvistarsvæðum í nágrenninu.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Sem íbúi Laugarneshverfis vil ég gera athugasemd við starfsemi Vöku við Héðinsgötu og vil ekki að starfsleyfið verði framlengt. Það er sjón-, hávaða- og olíumengun af þessari starfsemi og hún á ekkert erindi þétt ofan í íbúðabyggð.

*Virðingarfyllst,
Lóa Hlin Hjálmtýsdóttir*

Svar HER. Skipulag ákvarðar landnotkun. HER tekur ekki afstöðu til þess hvort tiltekin starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð, þ.e. ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

HER setur fyrirtækinu skilyrði út frá þeirri starfsemi sem það er með og setja skilyrðin fyrirtækinu ramma um starfsemina. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER.

Ég vil koma því á framfæri, sem íbúi á Kleppsvegi 4, að það er ólíðandi að leyfa starfsemi Vöku hérna í óþökk íbúa. Hvers vegna fær þessi starfsemi meira vægi en óskir og heilsa íbúa? Þetta er annarlegt í besta falli og skammarlegt í öllu falli.

Kv.
Hjörðís

Svar HER. Skipulag ákvarðar landnotkun. HER tekur ekki afstöðu til þess hvort tiltekin starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð, þ.e. ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

HER setur fyrirtækinu skilyrði út frá þeirri starfsemi sem það er með og setja skilyrðin fyrirtækinu ramma um starfsemina. Starfsemin olli meiri mengun og ónæði en reikna mátti með út frá gögnum og kynningu Vöku. Þegar kvartanir tóku að berast vegna starfseminnar voru gerðar alvarlegar athugasemdir og úrbótakröfur. Frá upphafi hafa verið gerðar kröfur á fyrirtækið um að það tryggi mengunarvarnir og lágmarki ónæði frá starfseminni. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með fyrirtækinu og leiðbeina því til að uppfylla skilyrði fyrir starfseminni. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER.

Meðfylgjandi er umsögn til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að starfsleyfi til handa Vöku hf. að Héðinsgötu 2. Þess er krafist að tillagan verði dregin til baka og starfsleyfisumsókninni hafnað.

*Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14 105 Reykjavík
Reykjavík, 15. desember 2020*

Efni: Umsögn um tillögu að starfsleyfi til handa Vöku hf. að Héðinsgötu 2 í Reykjavík
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur lagt fram til auglýsingar tillögu að starfsleyfi til handa Vöku hf. að Héðinsgötu 2 í Reykjavík. Tillagan er lögð fram á grundvelli umsóknar Vöku um starfsleyfi dags. 29. október sl. Sótt er um leyfi fyrir að starfrækja m.a. móttökustöð fyrir úrgang og endurvinnslu málma og brotajárns. Samkvæmt greinargerð með umsögninni felst það m.a. í starfseminni að vinna bíla til förgunar. Í því felst m.a. að fjarlægja olíu úr bifreiðum og setja ökutæki í pressu. Ýmsir mengunarvaldar eru af starfseminni, einkum úrgangsolía, rafgeymar, bensín og hvarfakútar. Úrgangsolíu er dælt í geyma sem rúma alls 6.000 lítra. Samkvæmt tillögu að starfsleyfi er lagt til að um starfsemi Vöku að Héðinsgötu gildi almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi og jafnframt ýmis sértæk starfsleyfisskilyrði þ.á.m. starfsleyfisskilyrði fyrir móttökustöðvar fyrir ökutæki sem áförmáð er að farga.

EKKI er lagagrundvöllur fyrir því að veita Vöku hf. hið tillagða starfsleyfi og ber Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur því að draga tillöguna til baka og hafna starfsleyfisumsókninni.

Þær ástæður sem undirritaður sér tilefni til að tilgreina þessu til stuðnings eru eftirfarandi:

- Starfsemin er ekki í samræmi við aðalskipulag. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er lóðin Héðinsgata 2 á miðsvæði M18 þar sem gert er ráð fyrir skrifstofum, ýmissi þjónustu og léttum iðnaði auk íbúða. Starfsemin sem um ræðir er augljóslega iðnaður og úrlausnarefnið er því hvort hún teljist vera „léttur iðnaður“. Það eina sem fram kemur í aðalskipulaginu um hvers konar starfsemi teljist*



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfisefstirlit

til „lédds iðnaðar“ er að það sé „atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun“ (A-hluti, bls. 209) og er léttur iðnaður þar talinn upp í sömu andrá og hreinleg verkstæði, bílasölu og umboðs- og heildverslanir. Starfsemi Vöku hf. við Héðinsgötu hefur undanfarið ár falið í sér talsverða olíumengun, sorpmengun og hljóðmengun. Þegar af þeirri ástæðu einni er augljóst að í starfseminni felst veruleg hætta á mengun. Hún felst enda beinlinis í meðhöndlun mengandi úrgangs og eru því ýmsir mengunarvaldar af henni eins og lýst er í starfsleyfisumsókninni. Tilfallandi breytingar á umgengni eða stjórnendaháttum breyta ekki þessu eðli starfseminnar. Hún getur því ekki talist vera léttur iðnaður í skilningi gildandi aðalskipulags og er því ekki heimil á svæðinu.

• **Starfsemin er ekki heldur í samræmi við deiliskipulag.** Samkvæmt ákvæðum *deiliskipulags svæðisins*, samp. 26. október 1999, með síðari breytingum, um lóðina Héðinsgötu 2 er þar heimil eftirtalin starfsemi: umbúðaframleiðsla, vörugeymslur og þjónusta. Ekkert í deiliskipulaginu gefur tilefni til annars en að ætla að þetta sé tæmandi upptalning. Af því leiðir að sú starfsemi sem Vaka hf. sækir um heimild vegna, þ.e. iðnaður, endurvinnsla málma, móttökustöð fyrir úrgang o.fl., er óheimil á lóðinni. Bréf undirritaðs til Heilbrigðiseftirlitsins og Reykjavíkurborgar þar sem kvartað er yfir meðferð máls Vöku undanfarna mánuði eru í fylgigönum 1 og 2. Hér er tilefni til að reifa helstu umkvörtunarefnin enda hafa athugasemdirnar í senn gildi við meðferð starfsleyfisumsóknarinnar og almennt gildi út fyrir þetta einstaka tilfelli. Fyrir liggur að Reykjavíkurborg hefur látið það viðgangast að rekstraraðili hafi brotið lög mánuðum saman með því að stunda mengandi iðnaðarstarfsemi án starfsleyfis. Brot fyrirtækisins eru alvarleg og gildar ástæður eru til að ætla að þær hafi valdið ibúum á svæðinu hættu. Borgin hefur ekki beitt þeim úrræðum sem hún hefur samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að stöðva þessi lögbrot brátt fyrir að vera skyld samkvæmt lögnum að framfylgja þeim. Sú hefð Heilbrigðiseftirlitsins að krefjast ekki stöðvunar starfsemi á meðan umsókn um starfsleyfi er í vinnslu er að sögn eftirlitsins byggð á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Þegar málsmeðferðin í heild er skoðuð verður hins vegar ljóst að hún leiðir það af sér að heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisnefnd brjóta gegn þeirri skyldu sinni skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að sjá til þess að ákvæðum laganna sé framfylgt. Meðalhófsregla stjórnsýslulaga afléttir ekki þeirri skyldu af borginni. Þannig hefur málsmeðferðin t.d. haft þær afleiðingar að Vaka hf. hefur getað komist hjá því að vera krafð um stöðvun starfsemi og þannig getað haldið áfram lögbrotum sínum með því að senda einfaldlega inn nýja umsókn um starfsleyfi. Þessi málsmeðferð af hálfu borgarinnar og eftirlitsins stenst enga skoðun. Í máli fulltrúa borgarinnar hefur komið fram að starfsemi Vöku megi teljast mikilvæg meðal annars þar sem starfsemi fyrirtækisins, endurvinnsla, sé hluti af hringrásarhagkerfinu. Undirritaður lýsir áhyggjum af því að þeirri röksemad sé beitt í þessu máli. Þetta sjónarmið kann að hafa, og hefur vissulega, gildi í almennum umræðu um úrgangsmál. Það hefur hins vegar ekkert gildi í því stjórnsýslumáli sem hér um ræðir. Það sama má segja um sjónarmið þess efnis að ibúar í nágrenninu ættu einfaldlega að „breyja þorrann“ næsta árið þangað til ráðgert er að starfsemin flytti. Sjónarmið af þessu tagi varða ekki efnisatriði málsins. Eina leiðarljósíð við úrlausn málsins er að málsmeðferð starfsleyfisumsóknarinnar sé í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir; það er meginþykla opinberrar stjórnsýslu. Eins og fram kemur að ofan er sú starfsemi sem sótt er um starfsleyfi vegna ekki í samræmi við gildandi skipulag. Af þeim sökum ber borginni lögum samkvæmt að hafna starfsleyfisumsókninni og beita þeim úrræðum sem eru fullnægjandi til þess að starfsemi Vöku hf. við Héðinsgötu verði stöðvuð.

Virðingarfyllst,
Ólafur Heiðar Helgason

Svar HER. HER hafnar því að ekki sé lagagrundvöllur fyrir útgáfu starfsleyfis. Skipulag ákværðar landnotkun. HER tekur ekki afstöðu til þess hvort tiltekin starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð, þ.e. ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, á það við um bæði aðalskipulag og deiliskipulag.

Léttur iðnaður er hugtak sem finnst í skipulagsáætlunum og er ekki ljóst á hverju það byggir þar sem hugtakið er ekki skilgreint í lögum eða reglugerðum er varða útgáfu starfsleyfis eða mengunarvarnir. Hugtakið veitir ekki leiðbeiningu í því samhengi.

Rétt er að Vaka sótti um starfsleyfi til HER fyrir móttöku á bílum til úrvinnslu, bílapartasölu, bifreiða og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðinsgötu 2 í október 2019. Starfsemin olli meiri mengun og ónæði en reikna mátti með út frá gögnum og kynningu Vöku. Þegar kvartanir töku að berast vegna starfseminnar voru gerðar alvarlegar athugasemdir og úrbótakröfur. Frá upphafi hafa verið gerðar kröfur á fyrirtækið um að það tryggi mengunarvarnir og lágmarki ónæði frá starfseminni. Lögð hefur verið áhersla



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfisefstirlit

á að vinna með fyrirtækinu og leiðbeina því til að uppfylla skilyrði fyrir starfseminni. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER.

EKKI VERÐUR SÉÐ AÐ NEITT Í LÖGUM BANNI FYRIRTÆKINU AÐ DRAGA UMSÓKN UM STARFSLEYFI TIL BAKA OG SENDA INN NÝJA UMSÓKN. UMSÓKNIRNAR ERU SITT HVORT STJÓRNSÝLUMÁLIÐ. HER BER AÐ TAKA NÝJU UMSÓKNINA TIL EFNISLEGRAR MEÐFERÐAR OG HEFUR HÚN VERIÐ UNNIN Í SAMRÆMI VIÐ VERKFERIL FYRIR UMSÓKNIR. VIÐ VINNSLU UMSÓKNA UM STARFSLEYFI HEFUR ORÐIÐ SÚ STJÓRNSÝLUVENJA AÐ STÖÐVA EKKI STARFSEMI Á MEÐAN UMSÓKN ER Í VINNSLU, HAFI HÚN Á ANNAÐ BORÐ VERIÐ HAFIN. HER RÁÐFÆRÐI SIG Á SÍNUM TÍMA VIÐ LÖGFRAÐINGA HJÁ REYKJAVÍKURBORG SEM VEITTU HER LÖGFRAÐILEGA RÁÐGJÖF HVAÐ ÞETTA VARÐAR. EFTIR ÞVÍ SEM HER BEST VEIT ER ÞESSU EINS FARIÐ Á ÖÐRUM HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐUM Á LANDINU ÞÓ ÞAÐ HAFI EKKI VERIÐ KANNAÐ SÉRSTAKLEGA. ÞÓTTI ÞETTA VERA Í SAMRÆMI VIÐ MEÐALHÓFSREGLU STJÓRNSÝLULAGA, Þ.E. AÐ BEITA VÆGASTA ÚRRÆÐI EINS OG STJÓRNVALDI ER UPPÁLAGT. Í LJÓSI JAFNRÆÐISREGLU STJÓRNSÝLULAGA ER VERKFERLINN EINS FYRIR ALLAR UMSÓKNIR ÓHÁÐ STARFSEMI.

HER SETUR FYRIRTÆKINU SKILYRÐI ÚT FRÁ ÞEIRRÍ STARFSEMI SEM ÞAÐ ER MEÐ OG SETJA SKILYRÐIN FYRIRTÆKINU RAMMA UM STARFSEMINA. FRÁ ÞVÍ STARFSEMIN HÓFST HEFUR HER FARIÐ Í 10 EFTIRLITSFERÐIR MEÐ STARFSEMINNI, GERT KRÓFUR Í HVERJU EFTIRLITI OG FYLGT ÞEIM EFTIR. EFTIR ERFIÐA BYRJUN HEFUR FYRIRTÆKIÐ BÆTT UMGENGNI OG STARFSLAG OG ER Á GÓÐRI LEIÐ MEÐ AÐ UPPFYLЛА SKILYRÐI HER.

ÞESS BER AÐ GETA AÐ HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR ER SJÁLFSTÄTT STJÓRNVALD OG HEFUR EINUNGIS REKSTRARLEGA TENGINGU VIÐ REYKJAVÍKURBORG. HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR HEYRIR UNDIR HEILBRIGÐISNEFD (NÚ UMHVERFIS- OG HEILBRIGÐISRÁÐ) EN EKKI BORGARSTJÓRN.

Athugasemdir minar og mótmæli gegn því að ofangreint fyrirtæki fái starfsleyfi fyrir sína starfsemi í Héðinsgötu:

1. Starfsemi sem þessi á ekki heima í péttbýli. Vaka hefur starfað án þess að hafa starfsleyfi í næstum ár í Héðinsgötu. Eingöngu ráðherra Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins getur veitt undanþágu innan stjórnslu að leyfa fyrirtæki að hefja starfsemi á meðan beðið er eftir starfsleyfi. Þar af leiðandi fór HER ekki eftir lögum þegar þeir tóku út skemmu Í Héðinsgötu og gáfu Vöku grænt ljós til að starfa þarna innan dyra. Skipulags- og byggingafulltrúi ætlaði aðra starfsemi í þessari skemmu. Umsögn þeirra var ekki jákvæð. Starfsleyfi þar af leiðandi ekki komið enn þann dag í dag.
2. Fengu leyfi hjá HER til starfa eingöngu innandyra. Þrátt fyrir það dreifðu þeir starfsemi sína um allar koppagrundir. Innan og utan lóðarmarka. Lokuðu svæðinu með gámum, hliði og varhundum. Stöðluðu upp bílhraejum í dys baka til. Þaðan lak olía, sýra og annar óþverri niður í jarðveginn. Fyrirtæki í nærliggjandi skemmum hafa flutt í burt vegna þessa. Mengunin lak inn í þeirra skemmur. Allur ósóminn var falinn en er þarna. Þetta verður aldrei bætt.
3. Eldhætta er mikil. Hringrás er með svipaða starfsemi. Hjá þeim komu upp miklir eldar. 2011 þurfti að rýma blokkina, Kleppsvegi 2-6, sem ég bý í. Þá sagði Dagur Eggertsson í viðtali á RUV að í rauninni ætti þessi starfsemi hvergi heima. Þrátt fyrir þessi ummæli þá er starfsemi Vöku hér mikið nær byggð eða í bakgarði okkar. Það sem meira er, eigendur Vöku eru framkvæmdastjórar Hringrásar.
4. Eftirlit með starfsemi Vöku hefur verið ábótavant. Við höfum enga ástæðu til að trúua því að það muni breytast. Fyrir það fyrsta samskipti HER og Vöku eiga ekki að fara fram munnlega. Þ.e aðfinnlur HER í garð Vöku.
5. Fundur Íbúaráðs Laugardals var 10. des. 2020. Umfjöllun mikil í Mbl um starfsemi Vöku á þessum tíma. Var þá sett upp mikið leikrit af hálfu Vöku. 4 gámar fjarlægðir og allir þeir gámar sem staflað er upp meðfram Sæbrautinni lagaðir til. Neðri gámarnir málaðir. Tréfjarlægð sem þeir höfðu höggtið niður í upphafi árs. Formaður Heilbrigðisnefndar Líf Magnedóttir sagði í viðtali í Mbl 10. des. 2020 fyrir fund Íbúaráðs Laugardals: "Ég hef hugsað mér að skoða svæðið og kynna mér starfsemina". Segir þetta ekki heilmikið um eftirlitið.
6. Kom fram á fundinum að Vaka ætlar að auka um helming eyðingu bílhraeja. Ég spyr bara hvernig ætla þeir að fara að því? Andrea íbúi hér við Kleppsveginn setti fram þessa spurningu. Við fengum engin svör.
7. Fyrirtækið Vaka hefur ekki opinbera umhverfisvottun.
8. Starfsemi Vöku fellur ekki undir LÉTTAN iðnað.
9. Þeir aðilar sem koma að þessu máli þ.e. HER og fyrirtækið Vaka hafa brotið lög samkvæmt því sem kemur fram hér fyrir framan. Því mótmæli ég því að fyrirtækið Vaka ehf Björgunarfélag fái starfsleyfi. Virðingarfyllst,

Ásdís G. Þorsteinsdóttir



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfisefstirlit

Svar HER.

1. Skipulag ákværðar landnotkun. HER tekur ekki afstöðu til þess hvort tiltekin starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaefstirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð, þ.e. ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Vaka hf. sendi inn umsókn um starfsleyfi í október 2019 og svo aftur í október 2020 og var þá fyrri umsókn dregin til baka. Umsóknirnar hafa verið unnar í samræmi við verkferil fyrir umsóknir. Við vinnslu umsókna um starfsleyfi hefur orðið sú stöðva ekki starfsemi á meðan umsókn er í vinnslu, hafi hún á annað borð verið hafin. HER ráðfærði sig á sínum tíma við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veittu HER lögfræðilega ráðgjöf hvað þetta varðar. Eftir því sem HER best veit er þessu eins farið hjá öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum á landinu þó það hefi ekki verið kannað sérstaklega. Þótti þetta vera í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, þ.e. að beita vægasta úrræði eins og stjórnvaldi er uppálagt. Í ljósi jafnræðisreglu stjórnsýslulaga er verkferlinn eins fyrir allar umsóknir óháð starfsemi. Því er ekki mótmælt að einungis ráðherra umhverfis- og auðlindamála má gefa tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. HER lítur ekki svo á að gefin hafi verið undanþága frá starfsleyfi heldur hefur stjórnsýslumál verið í gangi er varða þessar umsóknir. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa, með skilyrðum, liggur nú fyrir.
2. HER setur fyrirtækinu skilyrði út frá þeirri starfsemi sem það er með og setja skilyrðin fyrirtækinu ramma um starfseminna. Frá því starfsemin hófst hefur HER farið í 10 eftirlit með starfseminni, gert kröfur í hverju eftirliti og fylgt þeim eftir. Eftir erfiða byrjun hefur fyrirtækið bætt umgengni og starfslag og er á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER. Ef mengaður jarðvegur er á lóð fyrirtækisins ber því að fjarlægja hann og koma til spillielfnamóttöku.
3. Heilbrigðiseftirlitið metur ekki eldhættu, það er hlutverk eldvarnaefstirlits Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt upplýsingum HER er verið að fara yfir brunavarnir og brunahönnun og hafa þau gögn verið lögð inn hjá byggingarfulltrúa vegna umsóknar um byggingarleyfi vegna breytinga á starfsemi.
4. Frá því starfsemin hófst hefur HER farið í 10 eftirlit með starfseminni, gert kröfur í hverju eftirliti og fylgt þeim eftir. Starfsemin olli meiri mengun og ónæði en reikna mátti með út frá gögnum og kynningu Vökum. Þegar kvartanir tóku að berast vegna starfseminnar voru gerðar alvarlegar athugasemdir og úrbótakröfur. Frá upphafi hafa verið gerðar kröfur á fyrirtækið um að það tryggi mengunarvarnir og lágmarki ónæði frá starfseminni. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með fyrirtækinu og leiðbeina því til að uppfylla skilyrði fyrir starfseminni. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER.
5. Ekki verður brugðist við athugasemd.
6. Starfleyfisskilyrði liggja fyrir og ber fyrirtækinu að haga starfsemi í samræmi við þau. Það er fyrirtækisins að útfæra starfsemina innan starfsleyfisskilyrðanna og halda sig innan þess ramma, hvort sem það þýðir að fyrirtækið geti tekið við fleiri eða færri bílum til förgunar en segir í fjöldum.
7. Ekki er skylda til umhverfisvottunar fyrir starfsleyfisskylda starfsemi. HER tekur undir að það er jákvætt ef fyrirtæki hafa umhverfisvottun.
8. Léttur iðnaður er hugtak sem finnst í skipulagsáætlunum og er ekki ljóst á hverju það byggir þar sem hugtakið er ekki skilgreint í lögum eða reglugerðum er varða útgáfu starfsleyfis eða mengunarvarnir. Hugtakið veitir ekki leiðbeiningu í því samhengi.
9. HER telur að málið hafi verið rekið á réttan hátt og í samræmi við stjórnsýsluhéfð um að stöðva ekki starfsleyfisskylda starfsemi á meðan stjórnsýslumál vegna umsóknar um starfsemi er í vinnslu hjá HER.

Til þess er málið varðar.

Vaka sem hóf starfsemi í Laugarnesinu fyrir ári síðan hefur starfað án leyfis frá Umhverfisstofnun fyrir móttökustöð allan tímann og lög voru brotin. Það væri frábært ef að þetta fyrirtæki myndi fara að lögum, starfa með leyfi og gæta að ásýnd sinni. Þókk sé árvökulum íbúum sem hafa kynnt sér málið ofan í kjölinn hefur komið í ljós að viða er pottur brotinn í starfsemi Vökum.

Svo virðist sem allan sinn starfstíma hafi Vaka ekki uppfyllt ásættanleg samskipti við umhverfi sitt og er það verulega miður.

Auður Agla



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

HER telur að starfsemin falli undir móttöku á úrgangi eða nánar tiltekið safnstöð þar sem almenningur eða lítil fyrirtæki geta komið með úr sér gengna bíla og þeir fluttir áfram til endurnýtingar, endurnotkunar eða förgunar.

Rétt er að Vaka sótti um starfsleyfi til HER fyrir móttöku á bílum til úrvinnslu, bílapartasölu, bifreiða og vélaverkstæði og hjólfarðaverkstæði að Héðinsgötu 2 í október 2019. Starfsemin olli meiri mengun og ónæði en reikna mátti með út frá gögnum og kynningu Vöku. Þegar kvartanir tóku að berast vegna starfseminnar voru gerðar alvarlegar athugasemdir og úrbótakröfur. Frá upphafi hafa verið gerðar kröfur á fyrirtækið um að það tryggi mengunarvarnir og lágmarki ónæði frá starfseminni. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með fyrirtækinu og leiðbeina því til að uppfylla skilyrði fyrir starfseminni. Umgengi og starfsslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER.

Reykjavík, 5.janúar 2021.

Athugasemd vegna umsóknar um starfsleyfi.

Undirritaður lýsir yfir áhyggjum vegna tillögu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að fyrirhuguðu starfsleyfi Vöku ehf. að Héðinsgötu 2. Skal á það minnt að fyrirtækið hefur verið starfandi að Héðinsgötu 2 í rúmt ár án leyfis heilbrigðisnefndar, heilbrigðisstofnunar eða byggingarfulltrúa. Allan tímamann var starfað langt utan við skilyrði umsóknar um starfsleyfi frá 28.október 2019; bílar pressaðir og hræjum þeirra staflað vitt um lóðina, að og út fyrir lóðarmörk með sýnilegri olíumengun, spilliefnum og hávaða. Með vísan til greinargerðar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) til Umhverfisstofnunar kemur fram að í fjölmörgum eftirlitsferðum á árinu 2020 hafi HER gert kröfur að úrbótum starfseminnar að Héðinsgötu og margítrekað án þess að Vaka hafi á nokkrum punkti brugðist fullnægjandi vel við. Það sætir því undrun að Vaka geti, án fyrirvara, dregið umsókn um starfsleyfi (fyrri umsókn frá 2019), sem fyrir liggr að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur synji vegna tilneyddrar, neikvaðrar umsagnar HER, og sótt um nýtt leyfi eins og ekkert sé, þrátt fyrir gróf og ítrekuð brot á skilyrðum fyrri umsóknar um starfsleyfi. Samkvæmt tillögu heilbrigðiseftirlits að nýju starfsleyfi sem hér er um rætt: „er lagt til að einungis megi nota bílapressu á milli kl. 10 og 16 á virkum dögum og að meðhöndlum bila eftir pressun og hleðsla í gáma/gámafleti til flutnings fari fram innandyra“. Í greinargerð Vöku með umsókninni kemur hins vegar fram: „...er aðeins farið að þrengja að húsakrynum félagsins en í dag biða 110 bifreiðar þess að uppbod verði haldið“. Einnig kemur fram í greinargerðum Vöku með umsókninni að: „VAKA hf. hefur móttekið ökutæki til úrvinnslu í fjölda ára. Á árinu 2019 var tekið á móti riflega 4.000 ökutækjum til úrvinnslu en á árinu 2020 má búast við allt að 8.000 ökutækjum. Búist er við þessari aukningu m.v. þróunina á fyrstu mánuðum ársins 2020.“ Hvergi kemur fram hvernig skuli tekist á við þessa væntanlegu tvöföldun úrvinnslubifreiða og hvar þeim verði komið fyrir. Óttumst við að starfsemin falli í sama far og áður við þessa fylgjuna og að Vaka fari aftur á bak orða sinna og stafli bílum á ný á lóð Héðinsgötu 2. Erfitt er að trúua orðum forsvarmanna fyrirtækisins um að nú verði í hvívetna fylgt nýjum verkferlum fyrirtækisins (sem fyrirtækið hyggst líta eftir sjálft) í ljósi umfangsmikilla ósanninda í fyrri umsókn um starfsleyfi og vitaverðrar umgengni að Héðinsgötu 2 á árinu 2020.

Kjartan F. Ólafsson

Svar HER.

Einhver misskilningur virðist á ferð þar sem að HER hefur ekki skilað greinargerð um málið til Umhverfisstofnunar. Óljóst er til hvers er vísað í því sambandi og ekki tekin afstaða til athugasemdarinnar. Ekki verður séð að neitt í lögum banni fyrirtækinu að draga umsókn um starfsleyfi til baka og senda inn nýja umsókn. Umsóknirnar eru sitt hvort stjórnsýslumálið. HER ber að taka nýju umsóknina til efnislegrar meðferðar og hefur hún verið unnin í samræmi við verkferil fyrir umsóknir. Við vinnslu umsókna um starfsleyfi hefur orðið sú stjórnsýsluvenja að stöðva ekki starfsemi að stöðva ekki starfsemi á meðan umsókn er í vinnslu, hafi hún á annað borð verið hafin. HER ráðfærði sig á sínum tíma við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veittu HER lögfræðilega ráðgjöf hvað þetta varðar. Eftir því sem HER best veit er þessu eins farið hjá öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum á landinu þó það hafi ekki verið kannad sérstaklega. Þótti þetta vera í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, þ.e. að beita vægasta úrræði eins og stjórnvaldi er uppálagt. Í ljósi jafnraðisreglu stjórnsýslulaga er verkferlinn eins fyrir allar umsóknir óháð starfsemi.

HER setur fyrirtækinu skilyrði út frá þeirri starfsemi sem það er með og setja skilyrðin fyrirtækinu ramma um starfsemina. Frá því starfsemin hófst hefur HER farið í 10 eftirlitsferðir með starfseminni, gert kröfur í hverju eftirliti og fylgt þeim eftir. Starfsemin olli meiri mengun og ónæði en reikna mátti með út frá gögnum og kynningu Vöku. Þegar kvartanir tóku að berast vegna starfseminnar voru gerðar alvarlegar athugasemdir og úrbótakröfur. Frá upphafi hafa verið gerðar kröfur á fyrirtækið um að það tryggi



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

mengunarvarnir og lágmarki ónæði frá starfseminni. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með fyrirtækinu og leiðbeina því til að uppfylla skilyrði fyrir starfseminni. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER.

Starfsleyfisskilyrði liggja fyrir og ber fyrirtækinu að haga starfsemi í samræmi við þau. Það er fyrirtækisins að útfæra starfsemina innan starfsleyfisskilyrðanna og halda sig innan þess ramma, hvort sem það þýðir að fyrirtækið geti tekið við fleiri eða færri bílum til förgunar en segir í fjölmöldum.

Góðan dag

Mig langar að taka fram að ég er virkilega ósáttur við að Vaka starfi i leyfisleysi i mínu hverfi.

Starfsemin er svotil beint fyrir utan gluggann hjá mér á Kleppsvegi 12 og veldur mér hávaða, loft og sjónmengun alla virka daga. Starfsemin virðist að mestu eiga sér stað utan dyra.

Birgir Már Hannesson

Svar HER. Rétt er að Vaka sótti um starfsleyfi til HER fyrir móttöku á bílum til úrvinnslu, bílapartasölu, bifreiða og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðins götu 2 í október 2019. Starfsemin olli meiri mengun og ónæði en reikna mátti með út frá gögnum og kynningu Vöku. Þegar kvartanir tóku að berast vegna starfseminnar voru gerðar alvarlegar athugasemdir og úrbótakröfur. Frá upphafi hafa verið gerðar kröfur á fyrirtækið um að það tryggi mengunarvarnir og lágmarki ónæði frá starfseminni. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með fyrirtækinu og leiðbeina því til að uppfylla skilyrði fyrir starfseminni. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER.

Góðan daginn,

ég vil senda inn athugasemd vegna starfsemi Vöku í Laugarnesi og leggst gegn veitingu starfsleyfis fyrir þessari starfsemi svo nálægt íbúabyggð. Laugarnesið er þétt og rótgróið fjölskylduhverfi.

Vaka hóf starfsemi í Laugarnesinu fyrir ári síðan hefur starfað án leyfis frá Umhverfisstofnun fyrir móttökustöð allan tímann og lög voru brotin:

Samkvæmt 5. grein í Reglugerð um Úrvinnslu ökutækja 303/2008 kemur fram:

5. gr.

Starfsleyfi.

Móttaka og úrvinnsla úr sér genginna ökutækja er háð starfsleyfi.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar. Viðkomandi heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og bílapartasölor.

<https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/estir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/8435>

Samkvæmt 16. gr. í Lögum um mengunarvarnir og hollustuhætti kemur fram:

„Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998007.html>

Vaka hf. var ekki með leyfi frá Umhverfisstofnun og þetta var ekki gert.

Kær kveðja.

Sóley Kaldal

Svar HER. Skipulag ákvarðar landnotkun. HER tekur ekki afstöðu til þess hvort tiltekin starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaefstirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð, þ.e. ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

HER telur að starfsemin falli undir móttöku á úrgangi eða nánar tiltekið safnstöð þar sem almenningur eða lítil fyrirtæki geta komið með úr sér gengna bíla og þeir fluttir áfram til endurnýtingar, endurnotkunar eða förgunar. Hvað varðar ákvæði í gr. 16 laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur sú túlkun verið á ákvæðinu að það eigi við um starfsemi sem Umhverfisstofnun gefur starfsleyfi fyrir. Ekki er dæmi þess að farið hafi verið fram á skýrslu um grunnástand svæðis fyrir starfsleyfi unnnið af neinu heilbrigðiseftirlitssvæði. Það útilokar ekki að því verði beitt vegna útgáfu á starfsleyfi hjá heilbrigðiseftirliti.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Til þess er málið varðar.

Með tilvísun til auglýsingar her um Starfsleyfis og breytingar á starfsleyfi Vöku hf, björgunarfélag þann 27. okt 2021.

Eg sem íbúi handan götunnar að Kleppsvegi 6 vil koma fram hörðum mótmælum gegn því að slik starfsemi fái starfsleyfi að einu eða neinu tagi við Héðinsgötu 2.

Fyrirtækið hóf starfsemi hér í bakgarði íbúa við Kleppsveg (Héðinsgötu 2) fyrir ári síðan með miklu brambolti og fyrirferð. Ruddi í burt starfsemi er fyrir var og hafði verið um árabil í sátt við aðra nágranna.

Vaka byrjaði á að nýta lóð undir gáma að gangstéttarbrún við Sæbraut og yfirtaka stóran hluta Héðinsgötu nánast að húsvegg vöruskemmu sem þar er. Vaka hlóð tveimur hæðum af illa útlítandi 40 feta gánum að útjaðri yfirtökusvæðis. Síðan héldu þeir áfram með sama yfirlgangi allt í kring um skemmurnar er á lóðinni standa og hafa hrakið í burtu önnur fyrirtæki. Þeir eru þar með bílakirkjugarð. Olía og sýra lekandi úr bílum sem staflað var hverjum ofan á annan upp á 3 hæðir. Einnig lekur olía og geymasýrai í straumum eftir Héðinsgötunni ofan í niðursföllin og jarðveginn þar sem ekki var malbikað handan húsins að norðan og austanverðu. Afleiðingin alls þessa var til þess að fyrirtæki er þar voru lögðu á flóttu vegna mengunar og þrengsla.

Við íbúarnir meigum lífa við loftmengun vegan óliu. Hávaðamengun vegna bifreiðapressu er gengur í tíma og ótíma.

Þessi starfsemi eins og hér er lýst á ekki heima í bakgarði Kleppsvegar einnar fjölbýlustu götu Reykjavíkur eða í næasta nágrenni verndaðrar nátturu Laugarnestanga.

Ég er ekki að setja út á þörf fyrir þessa starfsemi sem þarna fer fram, en hún þarf að vera umhverfisvottuð, í hóndum manna er kunna að fara með slíkan rekstur og í umhvefi þar sem hún hefur olbogaymi til athafna með réttum formerkjum.

Ég mótmæli því alfarið að Vöka verði gefið leyfi til athafna af öllu tagi við Héðinsgötu þar sem það kom strax í ljós er þeir fluttu á Héðinsgötuna að þeir voru ekki í húsum hafandi það sem þeir skeyttu engu um þá sem fyrir voru, nágrana sína eða þá nátturu sem þeir hófu að spilla.

Virðingafyllast

Róbert ÞH Bender

Svar HER. Vaka sótti um starfsleyfi til HER fyrir móttöku á bílum til úrvinnslu, bílapartasölu, bifreiða og vélaverkstæði og hjólbarðaverkstæði að Héðinsgötu 2 í október 2019. Starfsemin olli meiri mengun og ónæði en reikna mátti með út frá gögnum og kynningu Vöku. Þegar kvartanir tóku að berast vegna starfseminnar voru gerðar alvarlegar athugasemdir og úrbótakröfur. Frá upphafi hafa verið gerðar kröfur á fyrirtækið um að það tryggi mengunarvarnir og lágmarki ónæði frá starfseminni. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með fyrirtækinu og leiðbeina því til að uppfylla skilyrði fyrir starfseminni. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER.

Ekki er heimilt að geyma lekandi eða mengandi bíla eða bíflök á lóð auk þess sem óheimilt er að stafla bílum á lóð sbr. starfsleyfisskilyrði. Á lóð eru geymdir svo kallaðir vörlubílar og eru það heillegir bílar sem fara á uppboð sem sýslumaður stendur fyrir Útbúið hefur verið geymslusvæði fyrir slíka bíla á lóð, auk þess sem hluti er geymdur innan dyra, en skilyrt er í starfsleyfi að á lóð séu einungis geymdir heillegir bílar sem ekki eru lekir eða mengandi.

Fjarlægja þarf gáma sem standa út fyrir lóðarmörk við gildistöku starfsleyfis. Byggingarfulltrúi hefur veitt Vöku frest til 1. maí til að fjarlægja gáma á lóðarmörkum og koma upp girðingu í staðinn. HER hefur samhljóða ákvæði í starfsleyfi.

Planið framan við húsið hefur verið hreinsað og óheimilt er að geyma lekandi eða mengandi bíla þar. Snemma árs 202 voru ábendingar um að mengun hafi farið í ofanvatnsfrárennsli og komið fram í fjöru við landfyllingu en engar slíkar ábendingar hafa borist í langan tíma.

Í starfsleyfisskilyrðum eru ákvæði um skil á lóð þegar starfsemin hættir, m.a. varðandi mögulega mengun jarðvegs. Ef jarðvegur á lóð er mengaður ber Vöku að fjarlægja hann og skila til spilliefnamóttöku. Þeirri kröfú verður fylgt eftir.

Sérstaka takmarkanir hafa verið settar á hvenær nota má bílapressu til að draga úr ónæði af hennar völdum Skipulag ákværðar landnotkun. HER tekur ekki afstöðu til þess hvort tiltekin starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð, þ.e. ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Góða kvöldið.

Ég sendi hér með inn athugasemd við því að Vaka fái starfsleyfi til förgunar á bílum í Laugarnesinu. Starfsemi af þessu tagi á alls ekki heima inni í íbúðabyggð nálægt lífriki Laugarnesfjöru með tilheyrandi umhverfisspjöllum, mengun og hávaða. Og hefur það verið raunin að íbúar næst svæðinu hafa orðið varir við að jarðvegur sé gegnsósa af olíu og megn olíu lykt hefur borist inn um glugga skv umræðum á hverfissíðu íbúa. Ásýnd svæðisins hefur versnað mikil og ekki bætir úr skák að fyrirtækið hefur staflað upp gánum til þess að ekki sjáist inn á svæðið.

Það er með ólikindum að móttaka og úrvinnsla ökutækja hafi átt sér stað á svæðinu í heilt ár án starfsleyfis og er ég alfarend a móti því að starfsleyfi verði veitt.

Elsa Jónsdóttir

Svar HER. Ekki er verið að veita starfsleyfi til förgunar á bílum og var ekki sótt um leyfi fyrir förgun á bílum. Skipulag ákværðar landnotkun. HER tekur ekki afstöðu til þess hvort tiltekin starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur er leitað umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð, þ.e. ekki voru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Ekki hafa borist neinar ábendingar um að starfsemin hafi haft neikvæð áhrif á lífriki Laugarnesfjöru. Í eftirliti hefur ekki verið staðfest að jarðvegur sé gegnsósa af spilliefnum. Í starfsleyfisskilyrðum eru ákvæði um skil á lóð þegar starfsemin hættir, m.a. varðandi mögulega mengun jarðvegs. Ef jarðvegur á lóð er mengaður ber Vöku að fjarlægja hann og skila til spilliefnamóttöku. Þeirri kröfu verður fylgt eftir. Vaka sótti um starfsleyfi til HER fyrir móttöku á bílum til úrvinnslu, bílapartasölu, bifreiða og vélaverkstæði og hjólfarðaverkstæði að Héðinsgötu 2 í október 2019. Starfsemin olli meiri mengun og ónæði en reikna mátti með út frá gögnum og kynningu Vöku. Þegar kvartanir tóku að berast vegna starfseminnar voru gerðar alvarlegar athugasemdir og úrbótakröfur. Frá upphafi hafa verið gerðar kröfur á fyrirtækið um að það tryggi mengunarvarnir og lágmarki ónæði frá starfseminni. Lögð hefur verið áhersla á að vinna með fyrirtakinu og leiðbeina því til að uppfylla skilyrði fyrir starfseminni. Umgengi og starfslag hefur batnað og er Vaka á góðri leið með að uppfylla skilyrði HER.

Fjarlægja þarf gáma sem standa út fyrir lóðarmörk við gildistöku starfsleyfis. Byggingarfulltrúi hefur veitt Vöku frest til 1. maí til að fjarlægja gáma á lóðarmörkum og koma upp girðingu í staðinn. HER hefur samhljóða ákvæði í starfsleyfi.

Hér á eftir fara athugasemdir frá einum aðila (Andrea F. Jónsdóttir) í mörgum liðum og er hverjum lið svarað fyrir sig.

Reykjavík, 6. Janúar 2021

Tillögur að Starfsleyfi - Vaka hf Björgunarfélag - 29. október 2020

SKJAL: Umsókn um starfsleyfi

Athugasemdir:

Á umsókn stendur að Vaka heffi störf 1. janúar 2020, umsókn sem er send inn í október 2020.

Fyrirtækið er nú að sækja um starfsleyfi í annað sinn fyrir starfsemi sem hófst fyrir ári síðan. Fyrri umsókn átti að hafna í október 2020 en fyrirtækið fékk tækifæri til þess að draga fyrri umsókn til baka og senda inn nýja umsókn. Fyrirtækið hefur aldrei haft fullt leyfi til þess að starfa í Héðinsgötu 2, ljóst er að starfsleyfi er ekki gilt

Svar HER. Ekki verður séð að neitt í lögum banni fyrirtakinu að draga umsókn um starfsleyfi til baka og senda inn nýja umsókn. Umsóknirnar eru sitt hvort stjórnsýslumálið. HER ber að taka nýju umsóknina til efnislegrar meðferðar og hefur hún verið unnin í samræmi við verkferil fyrir umsóknir. Við vinnslu umsókna um starfsleyfi hefur orðið sú stjórnsýsluvenja að stöðva ekki starfsemi að stöðva ekki starfsemi á meðan umsókn er í vinnslu, hafi hún á annað borð verið hafin. HER ráðfærði sig á sínum tíma við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veittu HER lögfræðilega ráðgjöf hvað þetta varðar. Eftir því sem HER best veit er þessu eins farið hjá öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum á landinu þó það hafi ekki verið kannað sérstaklega. Þótti þetta vera í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga,



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

þ.e. að beita vægasta úrræði eins og stjórnvaldi er uppálagt. Í ljósi jafnræðisreglu stjórnsýslulaga er verkferlinn eins fyrir allar umsóknir óháð starfsemi.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfis- og Auðlindaráðuneytinu hefur fyrirtækið ekki leyfi til þess að hefja störf án leyfis frá Umhverfisstofnun:

Samkvæmt 5. grein í Reglugerð um Úrvinnslu ökutækja 303/2008 kemur fram:

5. gr.
Starfsleyfi.

Móttaka og úrvinnsla ír sér genginna ökutækja er háð starfsleyfi.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir mótiökustöðvar. Viðkomandi heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og bílapartasölu.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/8435>

Svar HER. HER telur að starfsemin falli undir móttöku á úrgangi eða nánar tiltekið safnstöð þar sem almenningur eða lítil fyrirtæki geta komið með úr sér gengna bíla og þeir fluttir áfram til endurnýtingar, endurnotkunar eða förgunar. HER hefur ekki borist ábendingar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti(UAR) eða Umhverfisstofnun (UST) varðandi það að UST sé lögbært yfirvald og ætti að vera útgefandi starfsleyfis. Komi slíkar ábendingar verður það mál unnið í samvinnu við UAR og UST.

Ibúar fengu ekki upplýsingar um auglýsingu um tillögu að starfsemi Vöku árið 2019. Frestur til að senda inn athugasemdir nú í annað sinn sem fyrirtækið sækir um starfsleyfi rennur út áður áður en að fundur ibúaráðs (11. Janúar 2021) fer fram þar sem fjalla á um málid.

Svar HER. Í gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit er mælt fyrir um hvernig standa skuli að auglýsingu á tilögum að starfsleyfi. Þar segir:

„Útgefandi starfsleyfis skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.“ Sjá einnig viðauka IV í reglugerðinni. Af þessu er ljóst að ekki eru gerðar frekari kröfur um auglýsingu á tillögu að starfsleyfi en birting auglýsingar á vefsíði viðkomandi heilbrigðiseftirlits. HER gefur út á milli 3 og 4 hundruð starfsleyfi á ári. Alla jafna er látið nægja að auglýsa tillögu að starfsleyfi á vefsíði HER en í nokkrum tilvikum er sérstök tilkynning um að tillaga að starfsleyfi sé komin í auglýsingu send til mögulegra hagmunaaðila. Þegar seinni tillaga að starfsleyfi fór í auglýsingu að voru komnar fram kvartanir vegna starfseminnar og því var þeim einstaklingum er höfðu sent HER kvartanir tvísvar eða ofar send tilkynning um að tillaga að starfsleyfi væri komin í auglýsingu og með því gengið lengra en kröfur í reglugerð.

HER fylgist ekki með fundartíma eða dagskrá íbúaráða og getur ekki tekið tillit til þess við auglýsingum tillagna að starfsleyfi.

Starfsmaður íbúaráða hefur sóst eftir svörum vegna erindis sem undirrituð lagði fram fyrir hönd íbúa á fundi íbúaráðs Laugardals 14. desember 2020. 5. janúar 2021 höfðu svör ekki borist en samkvæmt fundargerð var starfsmanninum falið að leita svara við erindinu og leggja fram á næsta fundi (11. Janúar 2021).

<https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-10-12R20120114>

Erindi íbúa í Laugardal dags. 14. desember 2020, um málefni Vöku á Héðinsgötu.

Kæru fulltrúar íbúaráðs.

Hér koma nokkrar fyrirspurnir varðandi starfsemi Vöku hf. að Héðinsgötu 2.

1. Nú hefur komið fram að Vaka hf. hyggst tvöfalda úrvinnslu bifreiða og reiknar með úrvinnslu allt að 8000 bifreiða árið 2021, úr 4000 árið 2020 skv grein Morgunblaðsins 5. desember 2020.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Hafa fulltrúarnir upplýsingar um:

- Skýringar á fjölguninni og hvort að hún tengist synjun annara sveitafélaga á starfsemi fyrirtækisins.
- Hvar úrvinnslubifreiðum verði komið fyrir ?

2. Hvernig líst fulltrúunum á upplýsingar um fjölgun úrvinnslubifreiða í ljósi undanfarandi umgengni fyrirtækisins við Héðinsgötu 2?

3. Sú umsókn Vöku um starfsleyfi sem nú er til umfjöllunar er önnur umsókn fyrirtækisins um starfsleyfi að Héðinsgötu 2 en fyrirtækinu var gert að sækja aftur um starfsleyfi þar sem í ljós hafði komið að fyrirtækið braut gróflega gegn þeim forsendum sem það gaf upp í fyrri umsókn. Sjá hlekk hér fyrir neðan og viðhengi.

<https://www.faxafloahafnir.is/wp-content/uploads/2019/10/190924-Fyrirspurn-tilskipulagsfullitr%C3%BAAa-Faxafl%C3%B3ahafna-var%C3%B0andi-notkunH%C3%A9%C3%BAinsg%C3%BA6tu.pdf>

a) Geta íbúar treyst því sem fyrirtækið segir í nýrri umsókn um starfsleyfi þegar vitað er að það sagði ósatt í veigamíklum atriðum í fyrri umsókn ?

4. Er eðlilegt að íbúar líði fyrir hávaða- og sjónmengun af hálfu einkafyrirtækis og þá áhættu sem stafar af athöfnum fyrirtækis sem hefur ekki gilt starfsleyfi svo mánuðum skiptir?

5. Að lokum óskum við íbúar eftir því að:

a) Tekin sé til umfjöllunar mengun og losun spilliefna sem hefur orðið á svæðinu síðastliðið ár.

b) Að íbúaráð bregðist við bréfi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem sent var á Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlitið og íbúa í hverfinu sem hefur lagt fram kæru vegna starfseminnar, sjá viðhengi þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Ráðuneytið bendir á að í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur skýrt fram að óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan/skráningarskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða starfsemin ekki verið skráð hjá Umhverfisstofnun. Eina undantekningin á þessu er skv. 4. ml. 1. mgr. 6. gr. laganna, þar sem segir að ráðherra sé heimilt að veita tímabundna undanþágu frá kröfum um starfsleyfi. Í 4. mgr. 7. gr. laganna er kveðið á um að útgefandi starfsleyfis skuli innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis.“

Eins og áður segir þá hefur Umhverfisstofnun ákveðið eftirlitshlutverk með heilbrigðisnefndum auk þess sem stofnunin skal vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits í landinu o.fl., sbr. lög nr. 7/1998. Samkvæmt 67. gr. laganna getur Umhverfisstofnun lagt á

stjórnvaldssektir vegna brota á banni við að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Þá er Umhverfisstofnun einnig heimilt, skv. 1. ml. 1. mgr. 70. gr., að kæra brot á lögunum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra til löggreglu, sjá nánar í 70. gr. laganna. Í ljósi framangreinds beinir ráðuneytið því til Umhverfisstofnunar að stofnunin taki framangreint mál er varðar starfsemi bílapartasölu, bifreiða- og vélaverkstæði og hjólbardáverkstæði Vöku hf. að Héðinsgötu 2 í Reykjavík til athugunar og leiðbeini Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 eftir því sem tilefni er til í tengslum við málsmeðferð vegna málsins.“

Virðingarfyllst.

Andrea Fanney Jónsdóttir

Svar HER. HER hefur mótttekið fyrirspurn frá íbúarádinu. Vegna anna hefur því miður ekki unnist tími til að svara því. Verður það gert við fyrsta tækifæri.

I umsókn um starfsleyfi er hakað við: Flutningur í nýtt húsnæði.

Íbúum hefur verið tjáð að fyrirtækið sækji um tímabundið leyfi, ætti líklega að haka við þann



reit, er þá rétt að skrá flutning í nýtt húsnæði? Er fyrirtækið að kosta miklu til við að gera breytingar á húsnæði þar sem um tímabundna lausn er að ræða? Er tryggt að fyrirtækið flytji frá Héðinsgötu í lok árs 2021, innan 12 mánaða?

Svar HER. Málsmeðferð er í öllum tilfellum hin sama, hvaða merking sem notuð er efst á umsóknar eyðublaði fyrir starfsleyfi. Í þessu tilviki var starfsemi Vöku áður á öðrum stað og því á við merkingin „flutningur í nýtt húsnæði“. Tímabundin starfsemi“ er alla jafna notuð yfir starfsemi sem stendur í mjög stuttan tíma s.s. brennur.

HER hefur gert kröfur um úrbætur á aðstöðu en einnig hefur Vaka verið með mál hjá byggingarfulltrúa sem varða aðstöðu innan húss og nauðsynlegar breytingar m.a. út frá brunavörnum. Allt hangir þetta saman og er starfsleyfi skilyrt því að byggingarleyfisumsókn verði samþykkt hjá byggingarfulltrúa fyrir 1. mars og að lokaúttekt byggingarfulltrúa á breytingum hafi farið fram eigi síðar en 1. júní, sbr. umsögn byggingarfulltrúa til HER. Standist þessar dagsetningar ekki mun byggingafulltrúi fara fram á að starfsleyfi HER verði fellt úr gildi á grunni neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa sem yrði send HER. Vöku er kunnugt um þetta.

HER hefur samþykkt starfsleyfi fyrir Vöku vegna starfslyfisskyldrar starfsemi til 31.12.2021. Að óbreyttu á að hætta starfseyfiskylldri starfsemi þá. Vöku er heimilt að sækja um áframhaldandi starfsleyfi áður en gildandi starfsleyfi rennur út, það væri nýtt stjórnsýslumál og yrði HER að taka það til efnislegrar meðferðar, vinna það samkvæmt verkferlum og leita umsagna skipulag- og buggingarfulltrúa. Vöku hafa ekki verið gefin nein fyrirheit um að nýtt starfsleyfi verði samþykkt, þvert á móti hefur verið lögð á það áhersla við Vöku að starfsleyfisskyld starfsemi á vegum fyrirtækisins sé betur komin við betri aðstæður í hentugra húsnæði og aðstöðu. Varðandi hvort tryggt sá að Vaka flytji frá Héðinsgötu fyrir lok árs 2021 er ekki á færni HER að svara því. Fyrirtækinu er ekki skyld til að flytja alfarið úr húsnæðinu við það að starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi rennur úr gildi og verður ekki framlengt. Ekki er öll starfsemi Vöku starfsleyfisskyld og så hluti starfseminnar gæti væntanlega haldið áfram þó starfsleyfisskyldri starfsemi væri hætt. Auk þess sem geyma mætti búnað sem tilheyrir starfsleyfisskyldri starfsemi ef hann er ekki í notkun og þannig frágengin að ekki valdi ónæði eða mengun.

I umsókn um starfsleyfi er eftirfarandi skráð í reit um tegund rekstrar og framleiðslu:

„50.00 Sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl. 37.00 Endurvinnsla málma og brotajárns,

50.30 Sala vara og fylgihluta í bíla, 50.20 Bílaviðgerðir og viðhald: hjólbarðaviðgerðir.“

Það er villandi hjá fyrirtækinu að fylla ekki út í þessum reit að um móttökustöð sé að ræða, að aðeins sé talað um sölu, viðhald og viðgerðir o.s.frv. Heilbrigðisnefnd hefur leyfi til þess að veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og bílapartasölur, ekki fyrir móttökustöðvar.

<https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/8435>

Móttökustöð: Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmi tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar úrvinnslu. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Söfnunarstöð (gámastöð): Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva. Dæmi um söfnunarstöðvar eru gámastöðvar sveitarfélaga þar sem einungis er tekið á móti úr sér gengnum ökutækjum og þau síðan flutt þaðan til úrvinnslu.

Tætari: Hvers kyns búnaður sem er notaður til að tæta ökutæki í stykki eða brot, þar með talið í þeim tilgangi að fá brotamálm beint til endurvinnslu.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Vísma aftur í 5. grein í Reglugerð um Úrvinnslu ökutækja 303/2008:

5. gr.

Starfsleyfi.

Móttaka og úrvinnsla úr sér genginna ökutækja er háð starfsleyfi.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar. Viðkomandi heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og bílapartasölu.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/8435>

Svar HER. Við mat á því hvort um starfsleyfisskylda starfsemi sé að ræða er horft til starfsemisflokkunar lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, viðauka IV og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, viðauka X. Heiti á starfsemisflokkum í viðaukunum ná sum hver a.m.k. yfir nokkuð yfirgrípsmikla starfsemi og því hefur HER notað svo kallað ISAT kerfi til að flokka starfsemi nánar. ÍSAT stendur fyrir Íslenski atvinnuflokkaskrá eða ISAT og er flokkun atvinnustarfsemi fyrir hagskýrslur. Hún þjónar því engan vegin við mat á starfsleyfisskyldu en nýtist við að flokka líka starfsemi nánar t.d. við ákvörðun eftirlitsgjalds í svipaðri starfsemi sem þó hefur mismikil umhverfisáhrif í för með sér og e.t.v. tíðni eftirlits. Flokkun umsækjanda um starfsleyfi á eigin starfsemi tekur oft mið af því hverja rekstraraðili sér sem sína megin starfsemi. Megin starfsemi t.d. ferðaþjónustufyrirtækis er ekki starfsleyfisskyld hjá heilbrigðiseftirliti en viðhald bíla fyrirtækisins er það aftur á móti og þar er aðkoma HER og er sú starfsemi á allt öðru ISAT númeri en ferðaþjónustan. HER leggur sem sagt sjálfstætt mat á starfsleyfisskyldan hluta starfsemi út frá gildandi regluverki sem það framfylgir og flokkar hana eftir passandi ÍSAT númerum en fer ekki eftir ÍSAT númerum sem rekstraraðili skráir á umsókn nema þau fari saman við flokkun HER. Flokkun HER á starfsleyfisskyldri starfsemi rekstraraðila er sú sem gildir og kemur hún fram neðst á mótteknu umsóknareyðublaði sem var eitt af gögnum með auglýsingu á tillögu að starfsleyfi. Hér er settur sá fyrirvari að ISAT flokkun er ekki alltaf til fyrir þá starfsemi sem HER gefur út starfsleyfi fyrir og gefur því ekki alltaf nákvæma mynd af starfseminni.

HER telur að starfsemin falli undir móttökum á úrgangi eða nánar tiltekið safnstöð þar sem almenningur eða lítil fyrirtæki geta komið með úr sér gengna bíla og þeir fluttir áfram til endurnýtingar, endurnotkunar eða förgunar. HER hefur ekki borist ábendingar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti eða Umhverfisstofnun (UST) varðandi það að UST sé lögbært yfirvald og eigi að vera útgefandi starfsleyfis. Komi slíkar ábendingar verður það mál unnið í samvinnu við UAR og UST.

Samkvæmt 16. gr í Lögum um mengunarvarnir og hollustuhætti kemur fram:

„Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998007.html>

Vaka hf. var ekki með leyfi frá Umhverfisstofnun og þetta var ekki gert. Íbúar munu ganga á eftir því að tekin verði til umfjöllunar mengun og losun spilliefna sem hefur orðið á svæðinu síðastliðið ár.

Svar HER. Sú túlkun hefur verið á þessu ákvæði, bæði hjá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlitssvæðum, að það ætti einkunn við um starfsemi sem Umhverfisstofnun gefur starfsleyfi fyrir. Ekki er dæmi þess að farið hafi verið fram á skýrslu um grunnástand svæðis fyrir starfsleyfi unnnið af neinu heilbrigðiseftirlitssvæði. Það útilokar ekki að því verði beitt vegna útgáfu á starfsleyfi hjá heilbrigðiseftirliti. Að því sögðu ber Vöku að fjarlægja mengaðan jarðveg, sbr. starfsleyfisskilyrði og koma honum til spilliefnamóttöku. Gengið verður eftir því að það verði gert.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfisefstirlit

SKJAL: Greinargerð vegna umsóknar um starfsleyfi Vöku hf. að Héðinsgötu 2

Athugasemd:

Hvernig getur Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, verið bæði viðskiptavinur og eftirlitsaðili Vöku hf. Björgunarfélags? Sjá eftirfarandi í greinargerð:

„Aðstaða: Geymsluáðstaða fyrir ökutæki sem fjarlægð eru að beiðni Heilbrigðiseftirlits, aðstaða fyrir bílauppbod m.a. uppbod fyrir Sýslumannsembættið, einnig er hjólbarða- og bílaverkstæði, bílapartasala og úrvinnsla fyrir endurvinnslu ökutækja“

„Akstursdeild/ vörsluport: Heldur utan um geymsluáðstöðu bæði innan- og utanhus fyrir ökutæki sem fjarlægð eru að beiðni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og nágranna sveitafélaga.“

Svar HER. Samkvæmt ákvæðum í gr. 21 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og gr. 17 (áður nr. 16) í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs er heilbrigðisnefnd heimilt að láta fjarlægja númerlausa bíla, bílflök og lausamuni að undangenginni viðvoran. Þannig að heimild til að láta fjarlægja bíla liggur hjá heilbrigðisnefnd og einugis starfsmenn heilbrigðisnefndar mega sinna kvörtunum er varða númerlausa bíla (það sama á við um önnur sveitarfélög þóá Vaka orði það svo að ökutæki séu fjarlægð að beiðni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga). Það er því engum öðrum til að dreifa að sinna því en starfsmönnum heilbrigðiseftirlits.

Heilbrigðiseftirlitið sinnir þessum málum á borgarlandi og líkt og í málum er varða umgengni á lóð er kröfu um að fjarlægja viðkomandi bíl beint að umráðamanni lóðar þ.e. í þessu tilfelli Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg hefur verktaka, í þessu tilfelli Vaka hf, til að fjarlægja bílinn, geyma hann í a.m.k. 30 daga og getur fargað honum vitji eigandi hans ekki innan þess tíma. Stjórnsýslulega er því bílinn fjarlægður að beiðni Reykjavíkurborgar en framkvæmdin fer í gegnum Heilbrigðiseftirlitið. Hafa þarf í huga aðskilnað Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar en Heilbrigðiseftirlitið er stjórnsýslulega sjálfstætt og heyrir ekki undir borgarstjórn.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 er Heilbrigðiseftirlitið útgefandi starfsleyfis og eftirlitsaðili með starfsemi sem Vaka stundar. Aftur er einfaldlega ekki öðrum til að dreifa.



SKJAL: Greinargerð um breytingar á starfsemi Vöku 27. Okt. 2020

Í greinargerðinni kemur fram:

„Sýslumannsuppboð. Vegna Covid 19 þá hefur gengið erfiðlega fyrir Sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu að halda uppboð í samstarfi við Vöku. Þar af leiðandi er aðeins farið að þrengja að húsaknum félagsins en í dag bíða 110 bifreiðar þess að uppboð verði haldið.“

Og í greingargerð vegna umsóknar um starfsleyfi kemur fram:

„VAKA hf. hefur mótttekið ökutæki til úrvinnslu í fjölda ára. Á árinu 2019 var tekið á móti riflega 4.000 ökutækjum til úrvinnslu en á árinu 2020 má búast við allt að 8.000 ökutækjum. Búist er við þessari aukningu m.v. þróunina á fyrstu mánuðum ársins 2020.“

Ef nú þegar er farið að þrengja að húsnæði Vöku vegna 110 bifreiða, mun fyrirtækið hafa rými fyrir tvöfallt fleiri bíla á næsta ári? Í erindi mínu til Íbúaráðs Laugardals lagði ég fram eftirfarandi spurningar:

1. Nú hefur komið fram að Vaka hf. hyggst tvöfalda úrvinnslu bifreiða og reiknar með úrvinnslu allt að 8000 bifreiða árið 2021, úr 4000 árið 2020 skv grein Morganblaðsins 5. desember 2020.

Hafa fulltrúarnir upplýsingar um:

- a) Skýringar á fjölguninni og hvort að hún tengist synjun annara sveitafélaga á starfsemi fyrirtækisins.
- b) Hvar úrvinnslubifreiðum verði komið fyrir?

Svar HER. Bílar sem eru á leið á uppboð eru svo kallaðir vörlubílar og eru það heillegir bílar sem hver sem er getur boðið í á uppboðum. Útbúið hefur verð geymslusvæði fyrir slíka bíla á lóð, auk þess sem hluti er geymdur innan dyra, en skilyrt er í starfsleyfi að þar séu einungis geymdir heillegir bílar sem ekki eru lekir eða mengandi auk þess sem óheimilt er að stafla bílum. HER hefur ekki skýringar á þessari aukningu sem Vaka spáir og kemur fram í fjöldum. Starfsleyfisskilyrði eru skýr og ber fyrirtækinu að halda starfseminni innan þess ramma sem þau setja. Hversu mörgum bílum Vaka getur tekið við ræðst að verklagi hjá Vöku innan þess ramma sem starfleyfið setur m.a. um meðhöndlun bíla sem skilað er til förgunar.

Íbúar eru ósáttir við frágang og ásýnd svæðisins. Enn standa gámastæður í tveimur hæðum fyrir framan Héðinsgötu 2 og snúa að íbúum á Kleppsvegi. Stór auglýsingaskilti eru á efri gámunum en ekki er heimilt að stafla gánum eða hengja upp auglýsingar á bennan hátt. Mikil umræða hefur verið um mengun og umhverfisspjöll á hverfissíðum á samfélagsmiðlum og mikil óánægja er vegna trjáa sem fjarlægð voru í leyfisleysi. Fyrirtækið hafði ekki leyfi til þess að höggva trú og staðsetja gáma utan og á lóðarmörkum. Íbúar hafa rætt um áhrif á útsýni úr íbúum sem snúa að Héðinsgötu og áhyggjur af því að starfsemi Vöku á svæðinu hafi slæm áhrif á virði og sölu fasteigna á Kleppsvegi. Heilbrigðiseftirlitini var tilkynnt um hávaða og olíulykt sem barst inn um glugga í marga mánuði á árinu 2020. Íbúar fundu fyrir óóryggi vegna mögulegrar ikveikju- og brunahættu á svæðinu. Trulun á svefni barna og loftmengun vegna olíumengunar sem berst inni í barnaherbergi er óliðandi og ó afsakanleg.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Svar HER. Fjarlægja þarf gáma sem standa út fyrir lóðarmörk við gildistöku starfsleyfis. Byggingarfulltrúi hefur veitt Vöku frest til 1. maí til að fjarlægja gáma á lóðarmörkum og koma upp girðingu í staðinn. HER hefur samhljóða ákvæði í starfsleyfi. Um auglýsingaskilti er fjallað um í byggingarreglugerð og heyra undir byggingfulltrúa. Tré og gróður í borginni heyrir undir skrifstofu umhverfisgæða, nánar tiltekið deildarstjóra náttúru og garða og getur hann svarað hvort Vaka feldi tré i heimildarleysi. Heilbrigðiseftirlitið hvorki getur né hefur forsendur til að meta hvort starfsemi Vöku hafi haft áhrif á virði og sölu eigna við Kleppsveg. Gerð var krafa um úrbætur vegna hávaðamála og brást Vaka við þeim og gerði úrbætur. Eftir það hefur lítið verið minnst á hávaða í kvörtunum. Áhyggjur af eld- og brunahættu eiga heima á borði eldvarnaeftrilits Slökkviliðs höfuðborgar svæðisins. Með því að olíuvinna er óheimil á lóða, sú staðreynd að mikið færri bílar eru á lóð og bíflök eru horfin af lóð ætti olíulykt að hafa minnkað eða horfið að mestu.

Að lokum viljum við íbúar sem höfum unnið í þessu máli síðastliðið ár, og orðið fyrir gífurlegrí truflun og áreiti af ýmsu tagi, lýsa óánægju okkar vegna svara Heilbrigðiseftirlitsins um að starfsemin hafi ekki verið stöðvud á meðan unnið er í umsókn um starfsleyfi vegna stjórnsýsluvenju. Lögin eru skýr, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur átti að mati okkar íbúa aldrei adleyfa þungan iðnað svo nærrí íbúabyggð í nálægð við lífríki og umhverfi Laugarnesfjöru með tilheyrandi mengun og truflun, í óþökk og án vitundar íbúa. Við samþykjum ekki að móttöku- og úrvinnslustöð fyrir bíla flokkist undir léttan iðnað. Lög um Hollustuhætti og mengunarvarnir 1998 nr. 7 12. eru skýr:

[II. kafli. Starfsleyfi.]1)

1) L. 66/2017, 7. gr.

6. gr. Starfsleyfi.

Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka [I, II og IV], 1) skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki verið skráður hjá Umhverfisstofnun. [Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.] 2) Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Starfsleyfi skal veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar.

*Virðingarfyllst,
Andrea Fanney Jónsdóttir*

Svar HER. Við vinnslu umsókna um starfsleyfi hefur orðið sú stjórnsýsluvenja að stöðva ekki starfsemi að stöðva ekki starfsemi á meðan umsókn er í vinnslu, hafi hún á annað borð verið hafin. HER ráðfærði sig á sínum tíma við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veittu HER lögfræðilega ráðgjöf. Eftir því sem HER best veit er þessu eins farið hjá öllum heilbrigðiseftirlitum á landinu þó það hefi ekki verið kannað sérstaklega. Þótti þetta vera í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, þ.e. að beita vægasta úrræði eins og stjórnvaldi er uppálagt. Í ljósi jafnræðisreglu stjórnsýslulaga er verkferlinn eins fyrir allar umsóknir óháð starfsemi.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur Umhverfiseftirlit

4. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Við afgreiðslu tillögunnar var eftirfarandi skilyrðum bætt við áður auglýsa tillögu.

Geymsla á bílum til förgunar, hreinsun, pressun og hleðsla á pressuðum bílum til flutnings skal fara fram innandyra. Gámar á lóðarmörkum skulu víkja strax og girðing er tilbúin og ekki síðar en 1. maí n.k.

Einnig var eftirfarandi bókað við afgreiðslu starfsleyfisins: Skipulagsfulltrúi gerir ekki skipulagslegar athugasemdir við starfsemina sbr. umsögn dags. 30. nóvember 2020. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa dags. 2. febrúar 2021 liggur fyrir með skilyrðum um að byggingarleyfissumsókn BN057065 verði samþykkt eigi síðar en 1. mars 2021 og að lokaúttekt verði lokið eigi síðar en 1. júní 2021.

5. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn Vöku hf. tekin fyrir á 1511. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 2. febrúar 2021 og samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina til 31.12.2021.

6. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málínus til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 2.2.2021

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólkni né umhverfi stafi hætta af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunarhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingsaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasönum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
- 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokað traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjasí.
- 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
- 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
- 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skyld að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skyld að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspíllandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegrí hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökv. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efni geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólp, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Oheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bíhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafærri eða valdi slysa hættu.
- 2.3 Gánum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
- 2.3 Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal olíugildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.3 Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíugildrum.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með olíugildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.5 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.
- 3.6 Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.

4. Geymsla á olíu og olíuefnum

- 4.1 Eldsneytistankar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.b.
- 4.2 Díselolíutankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á steyptu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olíugildru.
- 4.3 Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.

5. Spilliefni og annar úrgangur

- 5.1 Ópressaðar olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.
- 5.2 Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.
- 5.3 Ganga skal frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætta á mengun.
- 5.4 Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.
- 5.5 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 5.6 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir hjólbarðaverkstæði

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur hjólbarðaverkstæða.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. felgur og ónýta hjólbarða á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysa hættu.
- 2.3 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.

4. Úrgangur

- 4.1 Geymslu á hjólbörðum fram að förgun skal haldið í lágmarki. Geyma skal hjólbarða í gámum eða öðrum lokuðum hirslum þar sem ekki stafar eldhætta af.
- 4.2 Ónýtum hjólbörðum ber að skila til viðurkenndra móttökuaðila
- 4.3 Úrgangsblýi skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Blý er spilliefni og hættulegt í umhverfi og skal leitast við að nota önnur efni til jafnvægisstillinga.
- 4.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 4.5 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR móttökustöðvar fyrir ökutæki sem áformað er að farga

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig
auglysingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem
ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi ná yfir rekstur sem annast innsöfnun, móttöku og ráðstöfun á bifreiðum og öðrum ökutækjum sem fara eiga í niðurrif eða förgun skv. ákvæðum úrvinnslugjaldlaga nr. 162/2002 og reglugerð nr. 1124/2007 um úrvinnslugjald.	550/2018 5. gr.	
1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	
1.5 Áður en heimilaður er rekstur móttökustöðvar fyrir bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki sem bíða niðurrifs eða förgunar skal liggja fyrir samþykki byggingarnefndar um lóðanytingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
1.6 Starfsleyfið nær ekki til niðurrifs slíkra tækja.	550/2018	
1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á því að spilliefni (s.s. bensín, olíur, glussar, rafgeymar, olíusíður, kælimiðlar og frostlögur) séu fjarlægð úr bifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum sem berast til förgunar.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

1.8	Rekstraraðila er óheimilt að afhenda einstaklingum eða lögaðilum bifreiðar eða bifreiðahluta nema þeir hafi til þess starfsleyfi.	55/2018 og Lög nr. 162/2002	
-----	---	-----------------------------------	--

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

Rgl.nr. Uppfyllt

2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannaþærí eða valdi slysahættu. Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003	
2.3	Bifreiðum, þungavinnutækjum eða öðru sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum undir geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	
2.4	Geymslusvæði skal afgirt traustri girðingu. Tryggt skal að óviðkomandi aðilar eigi ekki aðgang að geymslu- og vinnslusvæðum.	55/2012 og lög nr. 162/2002	

3. MENGUNARVARNIR

Rgl.nr. Uppfyllt

3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Þar sem hætt er á að spilliefni leki frá ökutækjum skal undirlag vera olíuhelt.	798/1999 5. gr.	
3.3	Þar sem tæming spilliefna fer fram skal frárennsli leitt í olíugildru. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.4	Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíugildrum.	550/2018 og rgl. nr. 798/1999	
3.5	Hafa skal reglubundið eftirlit með olíugildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1999 5. gr.	
3.6	Hafa skal til reiðu búnað til upphreinsunar á fljótandi spilliefnum s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	

3.7	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	806/1999 5. gr. og rgl. nr. 1040/2016	
-----	--	--	--

4. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

Rgl.nr. Uppfyllt

4.1	Staðsetja skal ílát undir spilliefni s.s. ópressaðar olíusíur, úrgangsolíu, rafgeyma og frostlög í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef spilliefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.	806/1999	
4.2	Spilliefni skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	806/1999 5. gr.	
4.3	Farið skal eftir ákvæðum reglugerða um meðhöndlun og flokkun á spilliefninum og öðrum úrgangi eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 737/2003	
4.4	Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefninum svo og tæmingu á olíugildru.	806/1999 11. gr. og rgl. nr. 550/2018	
4.5	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
 Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, byggingarreglugerð nr. 112/2012, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bílapartasölur og skyldan rekstur

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvara, sbr. 8. gr.
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu
nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist
ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur bílapartasölur og skyldan rekstur þar sem fram fer niðurritif vélknúinna farartækja.	550/2018 5. gr.	
1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	
1.5 Áður en heimilaður er rekstur partasölu eða verkstæðis þar sem niðurritif bíla eða tækja á að fara fram skal liggja fyrir samþykki byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða. Lausamuni er fylgja starfseminni skal geyma innan dyra. Heimilt er þó að geyma stærri hluti á sérstaklega afmörkuðu svæði enda sé tryggt að þeir smiti ekki olíu né séu til lýta í umhverfi.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhrae, bílluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysahættu. Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið	737/2003	

	heilum og þrifalegum.		
2.3	Bifreiðar, þungavinnutæki eða annað sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal olíugildru á frálögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Halda notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíugildrum.	sbr. ákvæði 1.3 og 1.4 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	
3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olíugildrum og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Þar sem hætta er að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s., blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.	798/1998 5. gr.	

4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Staðsetja skal tanka og tunnar undir olíuefni þ.m.t. úrgangsoli í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihald berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	sbr. gr. 3.5 í fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	

5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Notaðar, ópressaðar olíusíur, úrgangsolía, rafgeymar og frostlögur teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Purrum, pressuðum olíusíum má skila með öðrum málmúrgangi.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016
5.2 Rekstraraðila ber að koma olíumenguðum jarðvegi til viðurkenndra móttökuaðila þegar í stað.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.
5.3 Ganga skal þannig frá olíusmituðum úrgangi þar til honum er fargað að ekki sé hætta á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.
5.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.
5.5 Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á sandfangi og olíugildru. Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999

5.1 Notaðar, ópressaðar olíusíur, úrgangsolía, rafgeymar og frostlögur teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Purrum, pressuðum olíusíum má skila með öðrum málmúrgangi.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
5.2 Rekstraraðila ber að koma olíumenguðum jarðvegi til viðurkenndra móttökuaðila þegar í stað.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.3 Ganga skal þannig frá olíusmituðum úrgangi þar til honum er fargað að ekki sé hætta á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
5.5 Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á sandfangi og olíugildru. Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.